

**Ed.**

**707. Nefndarálit**

[25. mál]

um frv. til l. um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta mjög ítarlega og alla fjárhagsstöðu fyrirtækisins, og er það skemmst frá að segja að hún er hörmuleg. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri komu á fund nefndarinnar og veittu einnig skriflegar upplýsingar. Fylgir nefndarálitinu bréf frá fyrirtækinu.

Ljóst er að Áburðarverksmiðjan hefur fyrir löngu notað peninga þá sem hér um ræðir og er því vart unnt annað en staðfesta bráðabirgðalögin. En nefndin leggur áherslu á að viðskiptalán, sem verksmiðjan tekur, séu ekki endurlánuð til langs tíma með lakari kjörum fyrir fyrirtækið.

Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 2. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson,  
form., frsm.  
Ragnar Arnalds.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,  
fundaskr., með fyrirvara.  
Valdimar Indriðason.

Eiður Guðnason,  
með fyrirvara.  
Lárus Jónsson.

**Fylgiskjal.**

ÁBURÐARVERKSMIÐJA RÍKISINS  
Reykjavík, 23. mars 1984.

Hr. Eyjólfur Konráð Jónsson alþm.  
formaður fjárhags- og viðskiptanefndar  
efri deildar Alþingis.

Varðandi munnlega fyrirspurn yðar, hr. alþingismaður, um vaxtakjör, söluskilmála og rekstrarstöðu Áburðarverksmiðjunnar skal eftirfarandi upplýst.

1. 11. gr. laga nr. 43 16. apríl 1971 hljóðar svo:  
„Innanlands selur Áburðarverksmiðjan áburð þann, sem hún framleiðir eða flytur til landsins, einungis búnaðarfélögum, samvinnufélögum, verslunarfélögum, kaupmönnum, hrepps- og bæjarfélögum eða öðrum opinberum aðilum.“
2. Greiðsluskilmálar fyrir seldan áburð eru þessir:  
Mánaðarlegar greiðslur fyrir úttekt innist af hendi á tímabilinu maí, júní, júlí, ágúst.  
Þeir aðilar, sem njóta réttar til afurðalána (út á sauðfjárafurðir og/eða aðrar afurðir sem afurðalán eru veitt fyrir) greiði 50% úttektar með mánaðarlegri greiðslu á tímabilinu maí, júní, júlí og ágúst, og síðari 50% úttektar á tímabilinu sept., okt., nóv. eftir því sem afurðalán þessi koma til útborgana frá lánastofnunum.  
Vextir greiðist af úttektarskuldum frá og með 1. júní.
3. Árið 1983 voru þessir vextir reiknaðir 42% p. a., eftir á reiknaðir (ekki forvextir), en lækkuðu síðar á því ári til samræmis við innlendar vaxtalækkunar á því ári.  
Dráttarvextir reiknast á ógreidda viðskiptaskuld, sem komin er í eindaga.  
Fyrir árið 1984 gilda sömu greiðsluskilmálar og voru fyrir árið 1983 og vextir samkvæmt því sem Seðlabanki Íslands ákveður hverju sinni, og óbreytt fyrirkomulag um dráttarvexti.
4. Drög II að ársreikningi fyrir árið 1983 fylgja hér með. Fullnaðarreikningur fyrir árið 1983 getur ekki legið fyrir fyrr en eftir að áburðarverð fyrir árið 1984 hefur verið ákveðið vegna endanlegs mats á áburðarbirgðum í árslok 1983.

Virðingarfyllst,  
H. Finnsson.  
frkvstj.